

**56. fundur Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd haldinn Strandgötu 38,  
mánudaginn 1. nóvember 2021  
og hófst hann kl. 19:00.**

**Fundinn sátu:**

Einir Steinn Björnsson (ESB), Aðalsteinn Magnússon (AM), Jón Ingi Jónsson (JIJ), Jóhann Birkir Helgason (JBH) og Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG).

**Fundargerð ritaði:** Einir Steinn Björnsson, Formaður

**Dagskrá:**

**1. Deiliskipulag, stofnana- og íþróttasvæði - 2110138**

Tekin fyrir drög að skipulagsskýringu deiliskipulags fyrir stofnana- og íþróttasvæði dags. 7.10.2021 unnið af Landmótun þar sem deiliskipulagssvæðið er afmarkað.

*Lagt fram til kynningar.*

**2. Umsókn um breytingu á deiliskipulagi - 2009255**

Tekin fyrir tillaga að deiliskipulagi hafnarinnar unnin af Landmótun dags 7.10.2021. Atvinnu- og hafnarnefnd samþykkti að framlögð tillaga að deiliskipulagi hafnarsvæðis yrði send til auglýsingar og sendir hana jafnframt til byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar til umsagnar. Bent er á að tillagan kallar á breytingu á aðliggjandi deiliskipulagi fisk- og seiðaeldis í landi Innri-Tungu vegna fyrirhugaðrar aðkomu að hafnarsvæði.

*Lagt fram til kynningar.*

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd tekur jákvætt í fyrirbyggjandi tillögu en áður en tillagan fer í kynningferli þá þarf að fara fram breyting á aðliggjandi deiliskipulagi sem og viðræður við Vegagerðina um sameiginlega aðkomu og útfærslu. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að vinna málið áfram.*

**3. Deiliskipulag í Hrafnadal - 2105001**

Tekin fyrir drög að tillögu að deiliskipulagi fyrir Hrafnadal unnin af Landmótun.

*Lagt fram til kynningar.*

**4. Breyting á aðalskipulagi - 1902411**

Tekið fyrir að nýju eftir yfirferð Skipulagsstofnunar aðalskipulagsbreyting við Norður-Botn, greinargerð, umhverfisskýrsla og uppdráttur dags. 5. október 2021 unnin af Verkís ásamt uppdrátti dags 20.11.2020 unnin af Landmótun. Breytingin varðar landnotkun svæða í landi Norður-Botns þ.e. iðnaðarsvæði I3 og I11, efnistökusvæði E3 og E6 ásamt þjóðvegi nr. 63, Bíldudalsvegur.

Markmið aðalskipulagsbreytingarinnar er að: Auka framleiðslugetu fiskeldisstöðvarinnar í Norður-Botni og skýra hvar framleiðsla skuli staðsett. Samhliða breytingu aðalskipulagsins er unnin tillaga að breytingu deiliskipulags seiðaeldisstöðvar í landi Norður-Botns. Fyrirhugað er að stækka seiðaeldisstöðina og er stækkunin tilkynningarskyld til ákvörðunar Skipulagsstofnunar um matskyldu skv. 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og fellur því aðalskipulagsbreytingin undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir fyrirbyggjandi tillögu og greinargerð í samræmi við 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og leggur til við sveitarstjórn að skipulagsfulltrúa verði falið að auglýsa tillöguna skv. 31. gr. sömu laga. Skipulagsfulltrúa er falið að senda Skipulagsstofnun skipulagstillöguna til yfirferðar í samræmi við 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga, áður en tillagan verður auglýst. Jafnframt er lagt til að tillagan verði kynnt á opnu húsi á skrifstofu sveitarfélagsins.*

#### **5. Breyting á deiliskipulagi - Norður botn - 1902432**

Tekið fyrir að nýju deiliskipulagsbreyting í Norður-Botni eftir yfirferð Skipulagsstofnunar dags. 5. október 2021 unnið af Verkís ásamt tveimur skipulagsuppráttum dags. 5. október 2021. Skipulagssvæðið er stækkað til norðurs út fyrir stórstraumsfjöru. Byggingarmagn á byggingarreit I, Norður-Botn fer úr 8.000 m<sup>2</sup> í 40.000 m<sup>2</sup>, hámarks ársframleiðsla fer úr 200 tonnum í 2200 tonn. Byggingarmagn á byggingarreit II, Keldeyri fer úr 8.000 m<sup>2</sup> í 5.000 m<sup>2</sup>, ársframleiðsla er óbreytt 200 tonn.

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að heimila að skipulagstillagan verði kynnt opinberlega skv. skipulagslögum nr. 123/2010 og lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Skipulagslýsing verði tekin til meðferðar í samræmi við 41. gr. í VIII. kafla skipulagslaga nr. 123/2010.*

#### **6. Byggingarleyfi fyrir H2 - 2108076**

Tekin fyrir umsókn um stöðuleyfi fyrir vinnubúðir við Norður-Botn frá Eykt hf dags. 1. september 2021.

Meðfylgjandi umsókn er loftmynd sem sýnir staðsetningu vinnubúða og Grunnmynd sem sýnir neyðarútgönguleiðir.

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir stöðuleyfi fyrir vinnubúðir í Norður-Botni á meðan byggingu H2 stendur yfir.*

#### **7. Spennaskipti í aðveitustöð við Keldeyri - 2109091**

Tekin fyrir tölvupóstur frá Helga Karli Guðmundssyni f.h. Orkubús Vestfjarða ohf. dags. 27. september þar sem sótt er um leyfi til að staðsetja 40 feta gám við hlið spennistöð OV í Tungu.

Landsnet og OV fyrirhuga spennaskipti á Keldeyri og því þarf að koma fyrir varaafli á meðan, gámurinn inniheldur varaafli og verður fjarlægður að verki loknu.

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir erindið.*

#### **8. Vatnslögn frá Tunguvirkjun inn á Hvítalæk - 2106247**

Tekið fyrir að nýju erindi frá Tungusilung dags. 27.06.2021 er varðar lagningu vatnslagnar frá Tunguvirkjun inn að fiskledi við Hvítalæk. Um er að ræða ca. 700 metra langa vatnslögn, 650 metrar eru á sjávarbotni.

Erindið var tekið fyrir á fundi Atvinnu- og hafnarnefnd þann 4. október sl., eftirfarandi var bókað:

Atvinnu- og hafnarnefnd tekur jákvætt í erindið en telur mikilvægt að fyrirhuguð lögn

takmarki ekki framtíðaruppbyggingu á hafnarsvæði og jafnframt að nákvæmari gögn berist varðandi staðsetningu lagnarinnar. Sveitarsjóra og byggingafulltrúa er falið að fara nánar yfir verkefnið með bréfitara.

*Lagt fram til kynningar.*

#### **9. Miðtún 8, stækkun á bílastæði - 2109064**

Tekið fyrir erindi frá Huga Jónssyni er varðar stækkun á bílastæði við Miðtún 8. Um er að ræða breikkun á núverandi stæði.

Stækkunin er innan lóðar.

Framkvæmdin fellur undir grein 2.3.5 í byggingarreglugerð, minniháttar breytingar utanhúss.

Byggingarfulltrúi hefur veitt samþykki fyrir framkvæmdinni.

*Lagt fram til kynningar.*

#### **10. Beiðni stækkun á baðhúsi við Pollinn - 2110158**

Tekin fyrir umsókn frá Pollvinum dags. 12. október 2021 þar sem sótt er um 5 fermetra stækkun á baðhúsi við Pollinn. Baðhúsið er 16 fermetrar en verður eftir framkvæmdir 21 fermetrar.

Framkvæmdin fellur undir grein 2.3.5 í byggingarreglugerð, minniháttar breytingar utanhúss og því eingöngu tilkynningarskyld.

Byggingarfulltrúi hefur veitt leyfi fyrir framkvæmdinni.

*Lagt fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:15.**

---

Einir Steinn Björnsson (ESB)

---

Aðalsteinn Magnússon (AM)

---

Jón Ingi Jónsson (JIJ)

---

Jóhann Birkir Helgason (JBH)

---

Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG)